



SPIRIT

HANDBÓK EIGANDA GASGRILLS

E-330 CLASSIC

LPG

Þakka þér fyrir að kaupa WEBER grill. Gefðu þér nokkrar mínútur til að vernda vöruna með því að skrá hana á netinu, á www.weber.com.



LESA VERÐUR ÞESSA NOTANDAHANDBÓK ÁÐUR EN GRILLIÐ ER NOTAÐ.

⚠ HÆTTA

Ef lykt finnst af gasi:

- 1) Skrúfið fyrir gas tækisins.
- 2) Slökkvið opinn eld.
- 3) Opnið lokið.
- 4) Ef lyktin finnst áfram skal halda hæfilegri fjarlægð frá gasgrillinu og hafa samstundis samband við söluaðila gaskútsins eða slökkvilið.

Gasleki getur valdið eldi eða sprengingu sem getur leitt til alvarlegs líkamstjóns, dauða eða eignatjóns.

⚠ VIÐVÖRUN

- 1) Geymið ekki eða notið bensín eða önnur eldfim efni eða vökva í námunda við gasgrillið eða önnur tæki.
- 2) Gaskútur sem ekki er tengdur gasgrillinu ætti ekki að vera í nálægð við gasgrillið eða önnur tæki.

⚠ VIÐVÖRUN: Fylgið öllum leiðbeiningum um gaslega í þessari handbók eiganda áður en grillið er tekið í notkun. Þetta skal gera jafnvel þó að seljandinn hafi sett grillið saman.

⚠ VIÐVÖRUN: Ekki nota grillið án þess að lesa fyrst hlutann KVEIKT Á BRENNARAS í þessari handbók.

⚠ AÐEINS TIL NOTKUNAR
UTANDYRA.

ATHUGASEMD TIL ÞESS
SEM SETUR SAMAN: Þessar leiðbeiningar verður að skilja eftir hjá eigandanum, sem skal geyma þær til að geta notað þær síðar.



91217

IS - ICELANDIC
113020

⚠ HÆTTA

Ef þeim HÆTTUORÐUM, VIÐVÖRUNUM og VARNADARORÐUM sem koma fyrir í þessari handbók er ekki fyllt eftir getur það leitt til alvarlegs líkamstjóns eða dauða eða valdið eldi eða sprengingu sem veldur eignatjóni.

VIÐVARANIR:

- ⚠ Hættu getur stafað af grilli sem er sett vitlaust saman. Farið nákvæmlega eftir leiðbeiningunum um samsetningu.
- ⚠ Notið grillið ekki nema allir hlutar þess séu á sínum stað. Grillið verður að vera sett rétt saman samkvæmt leiðbeiningum um samsetningu.
- ⚠ Börn mega aldrei nota WEBER gasgrillið. Aðgengilegir hlutar grillsins geta verið mjög heitir. Haldið ungum börnum, öldruðum og gæludýrum frá grillinu þegar það er í notkun.
- ⚠ Gætið varúðar þegar WEBER gasgrillið er notað. Það verður heitt við eldun og hreinsun og aldrei má skilja það eftirlitslaust eða færa til við notkun.
- ⚠ Notið ekki kol, kolamola eða hraungrjót í WEBER gasgrillinu.
- ⚠ Ekki skal halla sér yfir grillið þegar kveikt er upp í því eða við eldun.
- ⚠ Setjið aldrei hendur eða fingur á frambrún grillhússins þegar grillið er heitt eða lokið er ekki á.
- ⚠ Allt grillhúsið verður heitt við notkun. Snertið ekki.
- ⚠ Undir engum kringumstæðum skal reyna að taka þrýstijafnarann eða gasfestingar úr sambandi á meðan grillið er í notkun.
- ⚠ Notið hitapolna grillhanska eða aðra hlífðarhanska (sem samræmast EN 407, vörn gegn snertihita 2 eða hærrí) þegar grillið er notað.
- ⚠ Fylgið leiðbeiningum fyrir tengingu þrýstijafnara fyrir þína tegund af gasgrilli.
- ⚠ Ef slokknar á brennurunum á meðan grillið er í notkun skal skrífa fyrir alla gasloka. Opnið lokið og bíðið í fimm mínútur áður en reynt er að kveikja aftur upp í grillinu samkvæmt leiðbeiningum um hvernig kveikt er upp í.
- ⚠ Eldfim efni skulu ekki vera nær en 60 cm frá grillinu. Þar á meðal topps, bakhliðar eða hliða grillsins.
- ⚠ Ekki byggja inn þessa tegund af grilli. Ef þessari VIÐVÖRUN er ekki fylgt gæti það valdið eldi eða sprengingu sem gæti valdið eignatjóni og alvarlegu líkamstjóni eða dauða.
- ⚠ Geymið ekki annan gaskút (varakút) eða ótengdan gaskút undir eða nærri þessu grilli.
- ⚠ Eftir tiltekinn geymslutíma og/eða þegar grillið hefur ekki verið í notkun, ætti að athuga hvort gas leki úr WEBER grillinu og hvort einhver fyrirstaða sé í brennurum fyrir notkun. Farið eftir leiðbeiningum í þessari handbók um rétta aðferð.
- ⚠ Notið ekki WEBER grillið ef gas lekur við gastengi.
- ⚠ Notið ekki eld til þess að athuga hvort gas leki.
- ⚠ Leggið ekki ábreiðu fyrir gasgrill eða annað eldfimt efni á grillið eða inni í geymslurýmið undir grillinu þegar það er í notkun eða er heitt.
- ⚠ Próþangas er ekki jarðgas. Það er hættulegt að breyta eða reyna að nota jarðgas í einingu fyrir fljótandi próþangas eða fljótandi próþangas í einingu fyrir jarðgas og slíkt ógildir ábyrgðina.
- ⚠ Haldið hverskonar raftækjum og gasrörum frá heitu yfirborði.
- ⚠ Stækkið ekki ventilsop eða brennaratengi við hreinsun ventla eða brennara.
- ⚠ Reglulega skal hreinsa WEBER gasgrillið vandlega.
- ⚠ Beyglaður eða ryðgaður gaskútur getur verið hættulegur og ætti að vera skoðaður af birgðasala gaskútsins. Notið ekki gaskút með skemmdan loka.
- ⚠ Þrátt fyrir að gaskútur virðist vera tómur getur gas enn verið til staðar og því skal flytja og geyma kútinn í samræmi við það.
- ⚠ Slökkvið á öllum brennurum ef eldur vegna fitu myndast og hafið lokið á þangað til að eldurinn er slokknður.
- ⚠ Ef eldur myndast sem ekki er hægt að stjórna, takið matinn úr eldinum þangað til loginn dvínar.

Takk fyrir að kaupa vöru frá WEBER. Weber-Stephen Products LLC, 1415 S. Roselle Road, Palatine, Illinois 60067 („WEBER“) býður upp á öruggar, endingargóðar og áreiðanlegar vörur.

Þetta er ábyrgð WEBER, þér að kostnaðarlausu. Hún inniheldur upplýsingar sem þú þarfnast til að láta gera við WEBER-vöruna þína efr svo ólíklega vill til að hún bítar eða er gölluð.

Viðskiptavinurinn nýtur tiltekkna réttinda, í samræmi við gildandi lög, yrnist varan gölluð. Undir þau réttindi falla varahlutir eða skipti, afsláttur af kaupverði eða endurgreiðsla. Innan Evrópusambandsins, til dæmis, væri þetta tveggja ára ábyrgð sem tæki gildi við afhendingu vörunnar. Ábyrgðin hefur engin áhrif á þessi réttindi og önnur lögboðin réttindi. Í reynd veitir ábyrgðin eiganðanum viðbótarréttindi sem eru óháð lögboðnum ákvæðum í ábyrgðum.

ÁBYRGÐ WEBER

WEBER ábyrgist gagnvart kaupanda WEBER-vörunnar (eða viðtakanda vörunnar, í þeim tilvikum sem um gjöf eða kynningargjöf er að ræða) að WEBER-varan sé án efnis- og smíðagalla innan þess tíma sem tilgreindur er hér að neðan, svo lengi sem varan er sett saman og notuð í samræmi við leiðbeiningar í meðfylgjandi eiganðahandbók. (Athugaðu: Ef til þess kemur að WEBER-eiganðahandbókin tynist er hægt að sækja nýja handbók á www.weber.com eða WEBER-vefsvæði viðeigandi lands sem eiganða kann að vera vísað á.) Svo framfarlega sem um er að ræða hefðbundna heimilisnotkun og viðhald samþykkir WEBER, innan ramma þessarar ábyrgðar, að gera við eða skipta út gölluðum hlutum innan og í samræmi við viðeigandi tímaramma, takmarkanir og undanþágur sem skráð er hér að neðan. **AD ÞVÍ MARKI SEM GILDANDI LÖG LEYFA NÆR ÞESSI ÁBYRGÐ ADEINS TIL UPPHAFLEGS KAUPANDA OG FLYST EKKI YFIR TIL SIÐARI EIGENDA, NEMA UM SÉ AÐ RÆÐA GJÖF Eða KYNNINGARGJÖF, EINS OG TEKID ER FRAM HÉR AÐ OFAN.**

SKYLDUR EIGANDA SAMKVÆMT ÞESSARI ÁBYRGÐ

Til að tryggja hnökralausa framkvæmd ábyrgðarinnar er mikilvægt (en ekki nauðsynlegt) að þú skráir WEBER-vöruna þína á www.weber.com eða WEBER-vefsvæði viðeigandi lands sem eiganða kann að vera vísað á. Geymdu einnig sölukvittunina og/ eða reikninginn. Þegar þú skráir WEBER-vöruna þína staðfestir þú ábyrgðina og kemur á beinu sambandi á milli þín og WEBER ef við skyldum þurfa að hafa samband við þig.

Ofangreind ábyrgð gildir eingöngu ef eiganðinn meðhöndlar WEBER-vöruna á viðeigandi máta með því að fara eftir leiðbeiningum um samsetningu, notkun og fyrirbyggjandi viðhald, sem er að finna í meðfylgjandi eiganðahandbók, nema í þeim tilvikum þar sem eiganðinn getur sannað að gallinn eða bilunin sé tilkomin af öðrum orsökum en að skuldbindingarnar hér að ofan hafi ekki verið uppfylltar. Þú eiganði á strandsvæði eða standi varan nálægt sundlaug þarf að þvo og skola ytra byrði hennar með reglulegu millibili eins og tilgreint er í meðfylgjandi eiganðahandbók.

FRAMKVÆMD ÁBYRGÐAR/UNDANÞÁGUR FRÁ ÁBYRGÐ

Ef eiganði telur að hlutur falli undir ábyrgðina skal hafa samband við þjónustuver WEBER með samskiptaupplýsingunum á vefsíðu Weber (www.weber.com eða WEBER-vefsvæði viðeigandi lands sem eiganða kann að vera vísað á). WEBER mun, að lokinni rannsókn, gera við eða skipta út (eftir því sem WEBER kys) gallaða hlutum sem fellur undir ábyrgðina. Í tilvikum þar sem ekki er hægt að gera við eða skipta út hlutum kann WEBER (kjósi það svo) að skipta út viðkomandi grilli í stað grills á sama verði eða dýrara. WEBER kann að biðja um að fá hluta afhenta til rannsóknar, sendingargjöld verða greidd.

ÁBYRGÐIN nær ekki til skemmda, tæringar, aflitunar og/eða ryðs sem WEBER ber ekki ábyrgð á og er til komið vegna:

- Misnotkunar, breytinga, rangrar notkunar, skemmdarverka, hirtuleysis, rangrar samsetningar eða uppsetningar og skorts á viðeigandi og reglubundnu viðhaldi;
- Skordýra (svo sem köngulóa) og nagdýra (svo sem músa), þar á meðal, en ekki takmarkað við, skemmdir á brennararörum og/eða gasslögnum;
- Snertingar við salt í andrúmslofti og/eða klór frá t.d. sundlaugum og heitum pottum/heilsulindum;
- Alvarlegra veðurskilyrða á borð við haglégl, fellibylji, jarðskjálfta, flóðbylgjur eða mikið brim, skýstrokka eða illviðri.

Notkun og/eða uppsetning hluta í WEBER-vörunni sem ekki eru upprunalegir WEBER-hlutir fellir ábyrgðina úr gildi og skemmdir sem af þessu kunna að hljóta falla ekki undir ábyrgðina. Breytingar á gasgrillinu sem WEBER hefur ekki heimilað og sem ekki eru í höndum WEBER-vottaðs tæknimanns fella ábyrgðina úr gildi.

Grillin sem sýnd eru í þessari handbók gætu verið örlítið frábrugðin þeirri tegund sem keypt var.

GILDISTÍMI VÖRUÁBYRGÐAR

Eldunarkassi:
10 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna
(2 ár á málningu, að undanskilinni fölnun eða aflitun)

Lok og fylgihlutir þess:
10 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna
(2 ár á málningu, að undanskilinni fölnun eða aflitun)

Brennararör úr ryðfri stáli:
10 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna

Grillgrindur úr ryðfri stáli:
5 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna

FLAVORIZER BARS úr ryðfri stáli:
10 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna

Postulínshúðaðar grillgrindur úr steypujárnri:
5 ár, vegna gegnumryðs/gegnumbruna

Allir aðrir hlutir:
2 ár

FYRIRVARAR

FYRIR UTAN ÁBYRGÐINA OG FYRIRVARANA, EINS OG LÝST ER Í ÞESSARI ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGU, ER ENGIN ÖNNUR ÁBYRGÐ Eða YFIRLÝSING UM BÓTAÁBYRGÐ VEITT HÉR SEM VEITIR ÁBYRGÐ UMFRAM ÞÁ LÖGBODNU ÁBYRGÐ SEM WEBER BER AÐ VEITA. ÁBYRGÐARYFIRLÝSINGIN TAKMARKAR HELDUR EKKI NÉ ÚTILOKAR AÐSTÆÐUR Eða KRÖFUR ÞAR SEM WEBER BER ÖFRÁVIKJANLEGA BÓTAÁBYRGÐ SAMKVÆMT LÖGUM.

ALLAR ÁBYRGÐIR FALLA ÚR GILDI ÞEGAR GILDISTÍMAR ÁBYRGÐARINNAR RENNA ÚT. ÁBYRGÐIR SEM AÐRIR VEITA, ÞAR Á MEDAL SÖLUADILI Eða SMÁSÖLUADILI, FYRIR VÖRU (SVO SEM VIÐBÓTARÁBYRGÐ) ERU EKKI BINDANDI FYRIR WEBER. ÚRRÆÐI SEM ÞESSI ÁBYRGÐ VEITIR ERU VIÐGERÐIR Eða SKIPTI Á HLUTUM Eða VÖRU Í HEILD SINNI.

UNDIR ENGUM KRINGUMSTÆÐUM, SAMKVÆMT ÞESSARI ÁBYRGÐ, SKAL ENDURGREIÐSLA VERA HÆRRI EN UPPHÆÐ UPPHAFLEGS KAUPVERDIS WEBER-VÖRUNNAR.

KAUPANDI TEKUR ÁBYRGÐ Á ÁHÆTTU OG SKADABÓTASKYLDU VEGNA TAPS, TJÓNS Eða MEIÐSLA Á SJÁLFUM SÉR OG EIGNUM SINUM OG/Eða MEIÐSLUM Eða EIGNUM ANNARRA SEM TIL ERU KOMIN VEGNA MISNOTKUNAR VÖRUNNAR Eða EF EKKI ER FARIÐ EFTIR LEIÐBEININGUM FRÁ WEBER Í MEÐFYLJANDI EIGANDAHANDBÓK.

HLUTIR OG FYLGHILUTIR SEM SKIPT ER UM SAMKVÆMT ÞESSARI ÁBYRGÐ ERU EINGÖNGU Í ÁBYRGÐ PANN TÍMA SEM EFTIR ER AF UPPHAFLEGUM GILDISTÍMA ÁBYRGÐARINNAR.

ÁBYRGÐ ÞESSI NÆR ADEINS TIL HEFÐBUNDINNAR HEIMLISNOTKUNAR EN NÆR EKKI TIL WEBER-GRILLA SEM NOTUÐ ERU Í ATVINNUSKYNI, TIL ALMENNINGSNOTA Eða Á STÖÐUM Á BORÐ VIÐ VEITINGAHÚS, HÓTEL, DVALARSTADI OG LEIGUHÚSNÆÐI.


WEBER KANN AÐ BREYTA HÖNNUN VARA SINNA. EKKERT Í ÞESSARI ÁBYRGÐ SKAL TÚLKA SEM SKULDBINDINGU WEBER UM AÐ BÆTA SLÍKUM BRYTINGUM VIÐ ÆÐUR FRAMLEIDDAR VÖRUR NÉ SKAL TÚLKA NÝJU HÖNNUNINA SEM VIÐURKENNINGU Á GÖLLUM Í FYRRI HÖNNUN.

Frekari samskiptaupplýsingar er að finna í lista yfir rekstrareiningar á alþjóðavisu aftast í þessari eiganðahandbók.

VIÐVARANIR.....	2
ÁBYRGÐ	3
EFNISYFIRLIT	3
SPIRIT E-330 CLASSIC LPG - NÁKVÆM LÝSING	4
MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM FLJÓTANDI PRÓPANGAS OG GASTENGINGAR	6
HVAÐ ER FLJÓTANDI PRÓPANGAS?	6
ÁBENDINGAR UM ÖRUGGA MEDHÖNDLUN PRÓPANGASKÚTA	6
GEYMSLA	6
KRÖFUR UM GASKÚTA MEÐ FLJÓTANDI PRÓPANGASI	6
TENGINGAR OG KRÖFUR ÞRÝSTIJAFNARA	6
UPPSETNING GASKÚTS INNI Í SKÁP	8
HVERT FER GASKÚTURINN?	8
KRÖFUR UM GEYMSLU Í SKÁP	8
UPPSETNING INNI Í SKÁP	9
UPPSETNING GASKÚTS UTAN SKÁPS	10
KRÖFUR UM GEYMSLU FYRIR UTAN SKÁP	10
SAMSETNING Á JÖRÐU	10
TENGING ÞRÝSTIJAFNARA	11
HVAÐ ER ÞRÝSTIJAFNARI?	11
TENGING ÞRÝSTIJAFNARA VIÐ GASKÚT	11
UNDIRBÚNINGUR FYRIR NOTKUN GRILLSINS .	12
HVAÐ ER AÐ ATHUGA MEÐ LEKA?	12
GRILLIÐ TEKID Í SUNDRU AÐ HLUTA TIL VIÐ ATHUGUM Á GASLEKA	12
ATHUGAÐ MEÐ GASLEKA	13
AFTENGING ÞRÝSTIJAFNARA FRÁ GASKÚT	15
FYLLT Á GASKÚTINN	15
ENDURTENGING GASKÚTSINS	15
RÁÐ FYRIR GRILLMATSELD OG HJÁLPLEGAR ÁBENDINGAR	16
ÁBENDINGAR OG GÓÐ RÁÐ	16
FORHITUN	16
MATSELD MEÐ LOKIÐ NIDRI	16
FLAVORIZER KERFIÐ	16
LEKI OG FITA	16
ÖRYGGISATHUGANIR ÆÐUR EN GRILLIÐ ER NOTAÐ	17
ÖRYGGIÐ FYRST	17
ÚTDRAGANLEG FITUPANNA	17
FITUBAKKI OG ÁLBAKKI	17
SKOÐUN SLÖNGU	17
KVEIKT Á BRENNURUM OG NOTKUN	18
AÐFERÐIR TIL AÐ KVEIKJA Á BRENNURUM	18
KVEIKT Á ADALBRENNARA	18
TIL AÐ SLÖKKVA Á BRENNARA	18
SEAR ZONE	19
SEAR ZONE GANGSETNING OG NOTKUN	19
KVEIKT Á HLIDARHELLU OG NOTKUN	20
Á HLID.....	20
KVEIKT Á HLIDARHELLU	20
TIL AÐ SLÖKKVA Á HLIDARHELLU	20
BILANALET	22
ALMENN BILANALET	22
BILANALET HLIDARHELLU	22
ÁRLEGT VIÐHALD	23
WEBER GASGRILLINU HALDIÐ Í GÓÐU ÁSIGKOMULAGI	23
LOGAMYNSTUR BRENNARA	23
WEBER KÖNGULÓA-/SKORDÝRASKERMAR	23
TENGI BRENNARARÖRA	23
BRENNARARÖR HREINSAÐ Eða ENDURNYJAD	24
GEYMSLA	30
REGLULEGT VIÐHALD	31
FALLEGT— AÐ INNAN OG UTAN	31
HREINSUN YTRA BORÐS GRILLSINS	31
HREINSUN INNRA BORÐS GRILLSINS	31
SKOÐUN SLÖNGU	31
VIÐHALD CROSSOVER KVEIKIKERFIS	32
HREINSUN HLIDARHELLURÖRS	33
VIÐHALD HLIDARHELLU	33

SPIRIT E-330 CLASSIC LPG - NÁKVÆM LÝSING

Spirit - E-330 Classic LPG - DE 010620



SPIRIT E-330 CLASSIC LPG - NÁKVÆMUR YFIRLITSLISTI

1. Hitamælir og umgjörð
2. Vörumerkisplata
3. Grilllok
4. Hitunargrind
5. Grillgrind*
6. Lok hliðarhellu
7. Hliðarhelluborð
8. Hliðarhellueining
9. Ventilspata hliðarhellu
10. Stjórnentakki hliðarhellu
11. Crossover brennararör
12. Kveikjurafskaut
13. Brennararör
14. Grillhús
15. Álbakki
16. Vinstra grindarþil
17. Fitubakki
18. Haldari fyrir fitubakka
19. Eldspýtuholdari
20. SEAR ZONE Gasstjórnentakki
21. Gasstjórnentakki
22. Kveikir
23. Stjórnborð
24. Fremri krosskrappi
25. Hlíf fyrir skáp
26. Þolinmóður og splitti
27. Grillgrind*
28. Flavorizer bragðburstir
29. Hliðarborð
30. Aftari krosskrappi
31. Stuðningsstöng aftari grindar
32. Gasleiðslueining hliðarhellu
33. Brennaragrein
34. Slanga brennaragreinar
35. Gastengi
36. Slanga og þrýstjafnari
37. Hægra grindarþil
38. Útdraganleg fitupanna
39. Botnþil
40. Gaskútsstæði
41. Hjól
42. Hjól með læsingu

*Grillgrindur geta verið breytilegar eftir því hvaða tegund er keypt.

HVAÐ ER FLJÓTANDI PRÓPANGAS?

Fljótandi própangas er eldfimt eldsneyti sem notað er til að knýja grillið. Það er gas við venjulegt hitastig og þrýsting, þegar það er ekki í geymi. Við lítinn þrýsting innan geymis, svo sem gaskúts, er það hins vegar vökvi. Þegar þrýstingnum er aflétt úr kútnum gufar vökvinn upp og breytist í própangas.

- Própangas hefur svipaða lykt og jarðgas. Slík lykt ætti að finnast.
- Própangas er þyngra en loft. Fljótandi própangas sem lekur getur safnast saman í dældum og dreifist illa.

ÁBENDINGAR UM ÖRUGGA MEÐHÖNDLUN PRÓPANGASKÚTA

Hafa þarf leiðbeiningar og öryggisþætti í huga þegar fljótandi própangas er meðhöndlað. Fylgið þessum leiðbeiningum vandlega áður en Weber® gasgrillið er notað.

- Skrúfið alltaf fyrir loka gaskútsins áður en þrýstijafnarinn er aftengdur.
- Notið ekki skemmdan gaskút. Beyglaður eða ryðgaður gaskútur með skemmdan loka getur verið hættulegur og skipta ætti slíkum út fyrir nýjan án tafar.
- Meðhöndlið tóma gaskúta á sama hátt og fulla. Jafnvel þegar gaskútur er tómur gæti enn verið gasþrýstingur í honum.
- Gaskútinn verður alltaf að tengja, flytja og geyma í uppréttri stöðu. Ekki má láta gaskúta falla eða meðhöndla þá óvarlega.
- Geymið aldrei eða flytjið gaskúta þar sem hitastigið getur náð 51° C (kúturinn verður of heitur til að halda megi á honum með hendi). Til dæmis: ekki skilja gaskútinn eftir í bíl á heitum degi.
- Athugið með leka á samskeytum tengingar þrýstijafnarans við gaskútinn í hvert sinn sem tengt er. Til dæmis: prófið í hvert sinn sem fyllt er á gaskút og hann er tengdur aftur eftir það.
- Halda skal gaskútum frá börnum.
- Tengid ekki við jarðgas (gas í borgum). Hönnun loka og opa er fyrir fljótandi própangas eingöngu.
- Svæðið umhverfis gaskútinn verður að vera hreint og laust við rust.
- Ekki skal skipta um gaskút nálægt neistagjafa.

GEYMSLA

Ef grillið hefur verið ónotað í langan tíma er mikilvægt að fylgja eftirfarandi leiðbeiningum:

- Það verður að vera skrúfað fyrir gas á gaskút þegar Weber® gasgrill er ekki í notkun.

⚠ VIÐVÖRUN: Tryggið að skrúfað sé fyrir loka gaskútsins þegar grillið er ekki í notkun.

- Ef Weber® gasgrill er notað innandyrna skal fyrst AFTENGJA gaskútinn og geyma hann utandyra, á svæði sem er vel loftræst.
- Geymið ekki aftengdan gaskút í byggingu, bílskúr eða á öðrum lokuðum stað.
- Ef gaskúturinn er ekki aftengdur Weber® gasgrillinu skal gæta þess að geyma bæði grillið og kútinn utandyra á svæði sem er vel loftræst.
- Gangið úr skugga um að svæði undir stjórnborðinu og fitupannan innihaldi ekki rust sem gæti hindrað bruna eða loftflæði að brennara.

KRÖFUR UM GASKÚTA MEÐ FLJÓTANDI PRÓPANGASI

- Notið einungis 3kg-13kg gaskút.

TENGINGAR OG KRÖFUR ÞRÝSTIJAFNARA

- Í Bretlandi verður þrýstijafnari, sem uppfyllir BS 3016 og hefur 37 millibara nafnúttak, að festa festur á tækið. (Afhendist með grillinu.)
- Lengd slöngu má ekki vera meiri en 1,5 metrar.
- Sveigið ekki slönguna.
- Við mælum með því að skipt sé um gaslöngu á Weber® grillinu á fimm ára fresti. Í sumum löndum kunna vera kröfur um að skipt sé um gaslöngu oftar en á fimm ára fresti og skulu þá reglur landsins gilda.
- Enga hluta sem innsiglaðir hafa verið af framleiðanda má breyta af notanda.
- Allar breytingar á tækinu geta verið hættulegar.
- Það má bara nota lágþrýstingslöngu og þrýstijafnara sem samþykktur er í landinu.
- Skipting á þrýstijafnara og slöngubúnaði verður að vera það sem tilgreint er af framleiðanda gasgrillsins.
- Tryggið að þrýstijafnarinn er settur í með litla ventilsopið vísað niður á við svo að það safnist ekki vatn þar. Þetta op ætti að vera laust við óhrreinindi, feiti, skordýr o.s.frv.

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR UM FLJÓTANDI PRÓPANGAS OG GASTENGINGAR

LAND	FLOKKUR (ÞRÝSTINGUR)
Búlgaría, Kína, Kýpur, Tékkland, Danmörk, Eistland, Finnland, Ungverjaland, Ísland, Indland, Japan, Kórea, Lettland, Litháen, Malta, Holland, Noregur, Rúmanía, Singapúr, Slóvakía, Slóvenía, Svíþjóð, Tyrkland	I _{3B/P} (30 mbör eða 2,8 kPa)
Belgía, Frakkland, Grikkland, Írland, Ítalía, Lúxemborg, Portúgal, Spánn, Sviss, Stóra-Bretland	I _{3*} (28-30/37 mbör)
Pólland	I _{3P} (37 mbör)
Austurríki, Þýskaland	I _{3B/P} (50 mbör)

SPIRIT STÆRÐIR Á OPUM BRENNARALOKA

	I _{3B/P} (30 mbör eða 2,8 kPa)	I _{3*} (28-30/37 mbör)	I _{3P/P} (50 mbör)
ADALBRENNARAR			
Grill með tveimur brennurum:	0,99 mm	0,97 mm	0,90 mm
Grill með þremur brennurum:	0,90 mm	0,86 mm	0,79 mm

AUKABRENNARI

Grill með tveimur brennurum:	0,98 mm	0,90 mm	0,79 mm
Grill með þremur brennurum:	0,98 mm	0,90 mm	0,84 mm

HRAÐBRENNARI

330-sería:	0,76 mm	0,70 mm	0,66 mm
------------	---------	---------	---------

SPIRIT NEYSLUDAGSETNING

	PRÓPAN kW	BÚTAN kW	PRÓPAN g/h	BÚTAN g/h
210-sería:	7,8	8,8	558	640
220-sería:	11,3	12,9	808	939
310-sería:	9,4	10,6	672	771
320-sería:	12,9	14,7	939	1070
330-sería:	15,1	16,8	1079	1223

EINING VARASLÖNGU, -ÞRÝSTIJAFNARA OG -VENTILS


⚠ **MIKILVÆG TILKYNNING:** Við mælum með því að skipta um gaslöngu Weber® gasgrillsins á fimm ára fresti. Í sumum löndum kunna vera kröfur um að skipt sé um gaslöngu oftar en á fimm ára fresti og skulu þá reglur landsins gilda.

Til að fá nýja slöngu, þrýstijafnara og ventil skal hafa samband við þjónustufulltrúa viðkomandi svæðis með þeim upplýsingum sem finna má á vefsvæði okkar. Vefsvæðið er á www.weber.com.

UPPSETNING GASKÚTS INNI Í SKÁP

HVERT FER GASKÚTURINN?

Það hvort setja megi gaskútinn inn í eða fyrir utan grunnskápinn fer eftir gerð og stærð þess gaskúts sem er keyptur. Tvær staðsetningar eru mögulegar: í gaskútsstæðinu innan skápsins eða á jörðu niðri utan skápsins.



KRÖFUR UM GEYMSLU Í SKÁP

Setja má gaskútinn inn í grillskápinn ef kúturinn er ekki yfir kröfum um hámarksstærð. Kröfur um hámarksstærð gaskúta inni í skápnum eru:


- Rúmtak gaskúts:** 8 kg hámark
- Hæð gaskúts:** 465 mm hámark
- Breidd gaskúts:** 289 mm hámark (réttthyrnt svæði) eða 318 mm hámark (hringlaga svæði)

Auk þess verður grunnur gaskútsins að passa innan gaskútsstæðisins og hvíla flatur á botnþilinu (1).


⚠ VIÐVÖRUN: Ef gaskúturinn uppfyllir ekki kröfur um stærð innan í skápnum skal ekki reyna að setja hann eða tengja inn í skápnum. Setjið og tengið gaskútinn utan skápsins. Ef það er ekki gert getur það valdið skemmdum á slöngunni sem gætu leitt til eldsvoða eða sprengingar og sem geta valdið alvarlegu líkamstjóni eða dauða og eignatjóni.

Nokkrar mögulegar gerðir af gaskútum sem eru samþykktar fyrir uppsetningu innan skáps eru sýndar á skýringarmynd með málum.


5 kg




5.2 kg




5 kg



6 kg



8 kg



Hámarksrúmtak gaskúts INNI í skáp er 8 kg.


Slanga má ekki vera lengri en 1,5 metrar.

UPPSETNING GASKÚTS INNI Í SKÁP

UPPSETNING INNI Í SKÁP

Það sem þarf: festingar gaskútsstæðis (1).

- A) Lyftið og fjarlægðu hlíf skápsins. Festingar gaskútsstæðisins smella inn í festingargötin í botnþilinu eins og sýnt er á skýringarmyndinni (2). Komið flípu festingar gaskútsstæðisins fyrir í réttthyrndu raufunum. Festið festingarnar með því að snúa þeim niður til að læsa miðflípanum á sínum stað.
- B) Lyftið og staðsetjið gaskútinn á milli festinga gaskútsstæðisins (3) á botnþilinu. Neðsti hluti gaskútsins verður að passa í stæðið (4).
- C) Komið gaskútnum fyrir þannig að lokinn vísi fram á grillinu.
- D) Tengið þrýstijafnarann við gaskútinn. Sjá "TENING ÞRÝSTIJAFNARA".
- E) Setjið hlíf skápsins aftur á.



UPPSETNING GASKÚTS UTAN SKÁPS


KRÖFUR UM GEYMSLU FYRIR UTAN SKÁP

Ef gaskúturinn uppfyllir ekki kröfur um stærð fyrir geymslu í skáp verður að setja hann á jörðina hægra megin fyrir utan skápinn. Kröfur um hámarksstærð gaskúta fyrir utan skápinn eru:

- Rúmtak gaskúts:** 13 kg hámark
Hæð gaskúts: 587 mm hámark
Breidd gaskúts: 306 mm hámark

SAMSETNING Á JÖRÐU

- Setjið slöngu þrýstijafnarans **(1)** út í gegnum opið á hliðarþilinu.
- Setjið gaskútinn á jörðina fyrir utan skápinn, á hægri hlið grillisins.
- Komið gaskútnum fyrir þannig að lokinn vísi áfram.
- Tengið þrýstijafnarann við gaskútinn. Sjá "TENGING ÞRÝSTIJAFNARA".



**Hámarksrúmtak gaskúts
UTAN skáps er 13 kg.**

**Lengd slöngu má ekki vera
meiri en 1,5 metrar.**

HVAÐ ER ÞRÝSTIJAFNARI?

WEBER gasgrillinu fylgir þrýstijafnari, sem er tæki sem stýrir og viðheldur jöfnum gasþrýstingi er gas er losað úr gaskútum.

TINGING ÞRÝSTIJAFNARA VIÐ GASKÚT

A) Tengid þrýstijafnara við gaskút.

⚠ VIÐVÖRUN: Tryggið að lokað sé fyrir loka gaskútsins eða þrýstijafnarans.

Sumum þrýstijöfnurum er stjórnað með rofa; aðrir hafa haus með þræði á vinstri hönd sem tengist gaskútsventlinum. Athugið gerð þrýstijafnarans og fylgið leiðbeiningum um tengingu fyrir þá gerð.

Tenging með því að snúa réttisælis

Skrúfið þrýstijafnarann á gaskúttinn með því að snúa festingunni réttisælis (1). Staðsetjið þrýstijafnarann þannig að litla loftopið (2) snúi niður.

Tenging með því að snúa rangsælis

Skrúfið þrýstijafnarann á gaskúttinn með því að snúa festingunni rangsælis (3) (4).

Tengt með því að snúa sveif/smella á sinn stað







Snúid þrýstijafnararsveifinni (5) niður/á "af". Ýtið þrýstijafnarann niður á gaskútsventilinn þangað til þrýstijafnarinn smellur á sinn stað (6).

Tenging með því að renna kraga

Tryggið að þrýstijafnararsveifin sé á "af" (7) (10).

Rennið kraganum á þrýstijafnarann upp (8) (11). Ýtið þrýstijafnarann niður á gaskútsventilinn og viðhaldið þrýstingi. Rennið kraganum niður til að loka (9) (12). Ef þrýstijafnarinn læsist ekki skal endurtakið ferlið.

Athugið: Myndir af þrýstijöfnurum sem sýndar eru í þessari handbók gætu verið frábrugðnar þrýstijafnarannum sem þú notar fyrir grillið þitt vegna mismunandi reglna milli landa og svæða.



UNDIRBÚNINGUR FYRIR NOTKUN GRILLSINS

HVAÐ ER AÐ ATHUGA LEKA?

Í gaskerfi grillsins eru tengingar og festingar. Athugunin tryggir að ekkert gas leki úr tengingum eða festingum.

Allar tengingar frá framleiðanda hafa farið í gegnum vandlega prófun á gasleka en engu að síður er mikilvægt að framkvæma slíka prófun áður en grillið er notað í fyrsta sinn, í hvert sinn sem festing er aftengd eða tengd og í hvert sinn sem reglulegt viðhald fer fram.

GRILLIÐ TEKIÐ Í SUNDUR AÐ HLUTA TIL VIÐ ATHUGUM Á GASLEKA

Til að athuga með gasleka þarf að komast að gaslokum, en til þess þarf að taka suma hluta grillsins í sundur á einfaldan hátt.

Staðfestið að slökkt sé á gasgrillinu






- Skrúfið fyrir gaskútinn.
- Gangið úr skugga um að skrúfað sé fyrir **ALLA** brennara með stjórnstökkum (O) (1). Skrúfað er fyrir með stjórnstökkum þegar grillið er afhent (O) en engu að síður skal ganga úr skugga um það til öryggis. Athugið með því að ýta stjórnstökkum inn og snúa þeim réttisælis. Ef þeir snúast ekki er þegar skrúfað fyrir. Ef þeir snúast skal halda áfram að snúa þeim réttisælis þar til þeir stöðvast; þá er skrúfað fyrir. Ef grillið er með hliðarhellu skal tryggja að slökkt sé á henni með stjórnstakka.

Stjórnborðið fjarlægð

Þú þarft: Stjórnuskrúfjárn.

- Fjarlægðu stjórnstakka (2).
- Notaðu stjórnuskrúfjárn til að fjarlægja skrúfurnar framman af stjórnborðinu (3).
- Lyftu stjórnborðinu varlega upp og ýttu því fram og af grindinni (4).
- Aftengdu vírana frá kveikjurofanum sem staðsettur er undir stjórnborðinu (5). *ATH.: Dragðu úr úttökum við enda vírana.*

Nú má athuga með leka í grillinu. Haltu áfram að "ATHUGUN Á GASLEKA."



UNDIRBÚNINGUR FYRIR NOTKUN GRILLSINS

⚠ HÆTTA

Notið ekki eld til að athuga hvort gasið leki. Verið viss um að engir neistar eða opinn eldur séu í nálægð þegar athugað er með gasleka. Neisti eða logi getur leitt til eldsvoða eða sprengingar og alvarlegs líkamstjóns eða dauða eða eignatjóns.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Gastengingar gasgrillsins hafa verið prófaðar í verksmiðju. Við mælum hins vegar með því að athugað sé með gasleka á öllum gastengjum áður en byrjað er að nota gasgrillið.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Framkvæmið þessar athuganir þó svo að grillið hafi verið sett saman af söluaðila eða í verslun.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Athuga skal með gasleka í hvert skipti sem gastengi er tengt eða aftengt.

ATHUGIÐ: Allar tengingar frá framleiðanda hafa verið prófaðar fyrir gasleika og brennara hafa verið eldprófaðir. Til öryggis skal engu að síður athuga allar festingar áður en Weber® gasgrillið er notað. Gastengingar gætu losnað eða skemmt við flutning og meðhöndlun.

ATHUGAÐ MEÐ GASLEKA

Það sem þarf: Spreibrúsi, bursti eða tuska og sápuvatn. (Búa má til sápuvatn með því að blanda saman sápu og vatni í hlutfallinu 20% fljótandi sápa og 80% vatn, eða kaupa sápuvatnslausn í pípulagningahluta byggingavörverslunar.)

A) Skrúfið frá gasi á gaskútnum.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Ekki kveikja á brennurum þegar athugað er með leka.







Athugið hver gerð þrýstijafnarans er. Fylgið leiðbeiningum fyrir þá gerð.

Snúið lokanum

Snúið loka gaskútsins rangsælis (1) (2) (3).

Snúið sveifinni

Skrúfið frá með þrýstijafnaraveifinni (4) (5) (6).



UNDIRBÚNINGUR FYRIR NOTKUN GRILLSINS

ATHUGAÐ MEÐ GASLEKA (framhald)

B) Til að athuga með leka skal væta festingar með sápuvatni með því að nota spreibrúsa, bursta eða tusku. Ef loftbólur myndast stækka, þá er leki. Berið sápuvatnið á eftirfarandi tengingar:

- Tenging slöngu við þrýstijafnara (1).
- Tenging slöngu brennaragreinar við þrýstijafnara(2).
- Tenging slöngu brennaragreinar við brennaragrein (3).

⚠ VIÐVÖRUN: Ef það er leki við tengingu (1, 2 eða 3) skal skrúfa fyrir gasið, herða tenginguna með skrúflykli og athuga síðan aftur með sápuvatni hvort leki. Ef áfram lekur eftir að búið er að herða skal skrúfa fyrir gasið. EKKI NOTA GRILLIÐ. Hafið samband við þjónustufulltrúa fyrir viðkomandi svæði með þeim upplýsingum sem finna má á vefsvæði okkar.

Vefsvæðið er á www.weber.com.

- Tenging þrýstijafnara við gaskút (4).
- Tenging slöngu þrýstijafnara við þrýstijafnara (5).
- Tengingar loka við brennaragrein (6).

⚠ VIÐVÖRUN: Ef það er leki við tengingarnar (4, 5 eða 6) skal skrúfa fyrir gasið. EKKI NOTA GRILLIÐ. Hafið samband við þjónustufulltrúa fyrir viðkomandi svæði með þeim upplýsingum sem finna má á vefsvæði okkar. Vefsvæðið er á www.weber.com.

C) Þegar búið er að athuga með leka skal skrúfa fyrir gasið á gaskútnum og hreinsa tengingarnar með vatni.

ATHUGIÐ: Þar sem sumar athuganir, þar á meðal með sápuvatni, geta haft tærandi áhrif, verður að skola allar tengingar vel með vatni eftir skoðun.


Komið stjórnborðinu aftur fyrir

Það sem þarf: Stjórnukrúfjárn.

- Stillið lokaendum upp við opin á stjórnborðinu. Setjið efstu brún stjórnbórðsins á flípa grindareiningarinnar. Ýtið stjórnbórðinu niður á sinn stað.
- Festið stjórnbórðið með skrúfum.
- Setjið stjórnatakka á lokaendana.
- Tengið vírana við kveikjurofann.

⚠ VIÐVÖRUN: Verið viss um að búið sé að setja saman alla hluta og að festingar séu vel hertar áður en grillið er notað. Aðgerðir þínar, ef þú ferð ekki eftir þessari viðvörðun, geta valdið eldsvoða, sprengingu eða bilun í burðarvirki og leitt til alvarlegs líkamstjóns eða dauða auk eignatjóns.

Nú má byrja að nota grillið.



UNDIRBÚNINGUR FYRIR NOTKUN GRILLSINS

AFTENGING ÞRÝSTIJAFNARA FRÁ GASKÚT

A) Fjarlægjið gaskútinn með því að skrúfa fyrir gasið og aftengja slönguna og þrýstijafnarann frá gaskútnum.

⚠ VÍÐVÖRUN: Gangið úr skugga um skrúfað sé fyrir gaskútinn eða þrýstijafnaralokann.

Finnið gerð þrýstijafnarans. Fylgið leiðbeiningum fyrir aftengingu þeirrar gerðar þrýstijafnara.

Aftengt með því að snúa rangsælis

Losið þrýstijafnarann frá gaskútnum með því að snúa festingunni rangsælis (1).

Aftengt með því að snúa réttsælis

Losið þrýstijafnarann frá gaskútnum með því að snúa festingunni réttsælis (2) (3).

Aftengt með því að snúa sveif

Skrúfið fyrir með því að snúa þrýstijafnarasveifinni réttsælis (4). Ýtið þrýstijafnarasveifinni (5) þangað til hún losnar frá gaskútnum (6).

Aftengt með því að renna kraga

Gætið þess að skrúfað sé fyrir með þrýstijafnarasveifinni (7) (9). Rennið kraga þrýstijafnarans upp (8) (10) til að aftengja frá gaskúti.







B) Skiptið tómun gaskút út fyrir fullan gaskút.

FYLLT Á GASKÚTINN

Við mælum með því að fyllt sé á gaskútinn áður en hann er alveg tómur. Til að fylla á gaskút með fljótandi própangasi skal leita til söluaðila própangass.

ENDURTENING GASKÚTSINS

Sjá "TENING ÞRÝSTIJAFNARA VIÐ GASKÚT."



ÁBENDINGAR OG GÓÐ RÁÐ

- Forhitið grillið alltaf fyrir matseld. Stillið alla brennara á háan hita og setjið lokið niður; forhitið í 10 mínútur eða þangað til hitamælirinn sýnir 260° – 290°C (500° – 550°F).
- Hitinn á gasgrillinu getur verið meiri en venjulega í fyrstu skiptin sem það er notað.
- Grilltími í uppskriftum er miðaður við 20°C (70°F) hita utandyra og lítinn vind eða logn. Búast má við lengri grilltíma í köldu veðri eða þegar grillað er hátt yfir sjávarmáli. Reiknið með styttri grilltíma þegar mjög heitt er í veðri.
- Stilla gæti þurft brennara í samræmi við aðstæður til að fá réttan eldunarhita.
- Grillið með lokið niðri til að fá fullkominn mat í hvert sinn.
- Matur á yfirfulltri grillgrind þarf lengri grilltíma en fáeinir kjötbitar.
- Skerið burt fitu frá steikum, kótelettum og öðru kjöti, en haldið eftir tæplega 6,4 mm (¼ úr tommu) af fitu. Það er auðveldara að þrifa ef fita er lítil og það minnkar hættuna á að logar blossi upp við grillun.
- Almennt þurfa stór kjötstykki lengri grilltíma en lítil.
- Ýmiss matur, svo sem þunn fiskflök, þurfa ílát ef á að grilla þau. Einnota álbakkar eru mjög handhægir en einnig má nota málmþönnu með eldföstum handföngum.
- Matur sem er grillaður í ílátum, eins og bakaðar baunir, þarf meiri tíma í djúpum potti en á grunnri bökunarþönnu.
- Það gæti þurft að snúa eða færa matur sem er á beint yfir brennurunum á svæði með minni hita.
- Notið grilltangir fremur en gaffla til að koma í veg fyrir að kjötið missi vökva þegar það er snúið. Notið tvo spaða til þess að snúa stórum fisk.
- Verð alltaf viss um að ekki óhreinindi eða matarleifar séu ekki í útdraganlegu fituþönnunni og fitubakkanum.
- Ekki setja álpappír í útdraganlegu fituþönnuna. Það gæti komið í veg fyrir að fitan renni í fitubakkann.
- Ef logar blossa upp skal skrúfa fyrir alla brennara og færa kjötið til á grillgrindinni. Fljótt mun draga úr logunum. Þegar logarnir eru horfnir skal kveikja aftur á grillinu. **NOTIÐ ALDREI VATN TIL ÞESS AÐ SLÖKKVA Í LOGA Á GASGRILLI.**
- Tímamælir eða þráðlaus kjöthitamælir mun koma að notum til að elda rétt.

FORHITUN

Mikilvægt er að forhita grillið áður en grillað er. Til að forhita: Kveikið upp í grillinu samkvæmt leiðbeiningunum í handbók eiganda, snúið því næst öllum brennurum á start/háan hita (†), setjið lokið á og forhitið þar til hitastigið nær 260° og 290°C (500° og 550°F), sem er ráðlagður grillhiti. Þetta tekur um 10 til 15 mínútur eftir aðstæðum, svo sem lofthita og vindi. Eftir forhitun má stilla hvern brennara eftir þörfum.

⚠ VIÐVÖRUN: Ef slokknar á brennurunum á meðan grillið er í notkun skal skrúfa fyrir alla gastoka. Opnið lokið og bíðið í fimm mínútur áður en reynt er að kveikja aftur upp í grillinu samkvæmt leiðbeiningum um hvernig kveikt er upp í.

MATSELD MEÐ LOKIÐ NIÐRI

Öll grillmatseld er framkvæmd með lokið niðri til að skapa jafnan og dreifðan hita. Með lokið niðri grillar gasgrillið eins og blástursofn. Hitamælirinn á lokinu sýnir hitastigið inn í grillinu. Öll forhitun og grillmatseld er gerð með lokið niðri. Ekki gægjast — hitinn sleppur út í hvert skipti sem lokinu er lyft.

FLAVORIZER KERFIÐ

Þegar lokið er á og Flavorizer bragðburstirnar eru notaðar fæst gott "utandyra" grillbragð í matinn. Þegar fita drýpur af kjötinu á Flavorizer bragðburstirnar skapa þær reyk sem gefur matnum ómótstæðilegt grillbragð. Þökk sé frábærri hönnun brennaranna, Flavorizer bragðburstanna og sveigjanlegri hitastjórn er nánast útilokað að stjórnlaus eldur komi upp, vegna þess að ÞÚ stjórnar loganum.

LEKI OG FITA

Vegna sérstakrar hönnunar Flavorizer bragðburstanna og brennaranna er fitunni sem drýpur af beint í gegnum útdraganlega fituþönnu og inn í fitubakkann. Hægt er að nálgast einnota álbakka sem passa í fitubakkann.

ÖRYGGIÐ Í FYRIRRÚMI

Það borgar sig að leggja það í vana sinn að athuga nokkur öryggisatriði áður en byrjað er að grilla.

Hafa þarf öryggismál í huga þegar ákveðið er hvar á að geyma og nota grillið. Lesið eftirfarandi viðvaranir áður en grillið er sett upp eða notað.

VIÐVARANIR:

- ⚠ Þetta gasgrill er aðeins til notkunar utandyra og það ætti aldrei að nota í bílskúrum eða á lokuðum sólþöllum með þaki.
- ⚠ Weber® gasgrillið má aldrei nota undir óvörðu eldfimu þaki eða þakskeggi.
- ⚠ Weber® gasgrill er ekki ætlað til þess að vera í eða á hjólhýsum eða bátum.
- ⚠ Eldfim efni skulu ekki vera nær en 60 cm frá grillinu. Þar á meðal topps, bakhliðar eða hliða grillsins.
- ⚠ Haldið eldfimum gufum og vökvum, svo sem og bensíni, alkóhóli og eldfimum efnum frá matseldarsvæðinu.
- ⚠ Haldið óhreinindum frá loftunaropum rýmis gaskútsins.
- ⚠ Gasgrillið verður mjög heitt. Farið mjög varlega þegar börn eða aldraðir eru nálægt.
- ⚠ Færið ekki gasgrillið til á meðan á því er kveikt.

Þegar á að grilla skal alltaf leiða hugann að örygginu fyrst. Hér á eftir eru nokkur öryggisatriði sem skal athuga í hvert sinn sem grillað er.

ÚTDRAGANLEG FITUPANNA

Grillið var búið til með uppsöfnunarkerfi fyrir fitu, sem leiðir fitu frá matnum og í ílát sem má losa.

Athugið hvort uppsöfnuð fita sé í útdraganlegu fitupönnunni í hvert skipti áður en grillið er notað. Fjarlægjið umframfitu með plastsköfu (1). Þrífið fitupönnuna með sápuvatni og skolið síðan með vatni.

⚠ **VARÚÐ:** Ekki setja álpappír í útdraganlegu fitupönnuna.

FITUBAKKI OG ÁLBACCI

Fita úr útdraganlegu fitupönnunni rennur í fitubakka. Það er jafn mikilvægt að hreinsa fitubakkann og að hreinsa útdraganlegu fitupönnuna.



Athugið hvort uppsöfnuð fita sé í fitubakkanum í hvert skipti áður en grillið er notað. Fjarlægjið umframfitu með plastsköfu (2). Þrífið fitupönnuna með heitu sápuvatni og skolið síðan með vatni. Til að fitubakkinn haldist hreinn legur skal setja Weber® einnota álbakka eða álpappír inn í hann.

⚠ **VIÐVÖRUN:** Athugið hvort fita hafi safnast upp í útdraganlegu fitupönnunni eða fitubakkanum í hvert sinn fyrir notkun. Fjarlægjið alla fitu til að koma í veg fyrir eldur komi upp í fitunni. Eldur í fitu getur valdið alvarlegum líkamsmeiðslum eða skemmdum á eignum.

SKOÐUN SLÖNGU

Athugið reglulega hvort merki um sprungur finnist á slöngunni (3).

⚠ **VIÐVÖRUN:** Athugið hvort sprungur, skörð, skurðir eða tæring finnist á slöngu fyrir hverja notkun grillsins. Ef slanga er skemmd á einn eða annan hátt skal ekki nota grillið. Ef skipt er um slöngu skal aðeins nota slöngu sem Weber® hefur samþykkt. Hafið samband við þjónustufulltrúa fyrir viðkomandi svæði með þeim upplýsingum sem finna má á vefsvæði okkar. Vefsvæðið er á www.weber.com.



AÐFERÐIR TIL AÐ KVEIKJA Á BRENNURUM

Tvær leiðir eru til að kveikja á brennara 1. Önnur er með því að nota Crossover kveikikerfið sem er innbyggt í grillið. Hin er að nota eldspýtu.

Hér á eftir koma leiðbeiningar til að kveikja upp í grillinu með Crossover kveikikerfinu.

Á næstu síðu á eftir eru leiðbeiningar til að kveikja upp í grillinu með eldspýtu.

KVEIKT Á AÐALBRENNARA

Crossover kveikikerfi

Crossover kveikikerfið kveikir á brennara 1 með neista frá kveikjurafskautinu í Gas Catcher kveikikassanum. Orkan fyrir neistann er mynduð með því að ýta á kveikjurofann. Smellur mun heyrast í kveikinum. Kveikja má á brennurum 2 og 3 eftir að kveikt hefur verið á brennara 1.

A) Opnið grilllokið (1).

⚠ HÆTTA

Ef lokið er ekki haft uppi þegar kveikt er á brennurunum eða ef ekki er beðið í fimm mínútur til að leyfa gasinu að hreinsast ef ekki kviknar á grillinu getur það leitt til sprengingar sem getur haft í för með sér alvarlegt líkamstjón eða dauða.

B) Tryggið að skrúfað sé fyrir brennara með ÖLLUM stjórnstökkum (2). Athugið með því að ýta stjórnstökkum inn og snúa þeim réttisælis þar til þeir stöðvast.

⚠ VIÐVÖRUN: Það verður að vera skrúfað fyrir brennarana með stjórnstökkum (○) áður en skrúfað er frá gasi á gaskúti.

